

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Efri-Reykja, Reykjavegur 15-19.

Í breytingunni felst að lóðamörk lóðanna Reykjavegur 15, 17 og 19 breytast. Við breytinguna stækkar lóð 17 úr 4.808 m² í 5.106 m² og lóð 19 minnkar úr 5.214 m² í 4.720 m². Stærð lóðar 15 helst óbreytt.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. júní 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2013